



1.gr.

Almennt

Gjaldskrá fyrir vatnsveitu Húnabyggðar er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

2.gr.

Vatnsgjald

Hafi vatnsveita Húnabyggðar verið tengd við mannvirki á fasteign ber að greiða af henni árlegt vatnsgjald til Húnabyggðar og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði 0,258 % af fasteignamati.
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði 0,258% af fasteignamati.
- Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera 0.258% af fasteignamati.
- Álagning skv. a–c-lið skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægri en 0,1% af fasteignamati allra húsa og lóða.
- Heimilt er að innheimta notkunargjald samkvæmt sverleika lagnar og áætlaðri notkun, ef ekki er unnt að koma við mælingu. Byggingavatn er aðgangur að vatni til byggingaframkvæmda eða skammtímanotkunar og uppfæriskv. byggingarvísitölu á 3ja mánaða fresti.

3. gr.

Gjalddagar

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

4. gr.

Aukavatnsgjald

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

Aukavatnsgjald	Verð/m³
fyrstu 100.000m³	38,00kr.
100.000-250.000m³	35,00kr.
eftir 250.000m³	32,00kr.

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Húnabyggðar leggur til.

5. gr.

Mælaleiga

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaða fresti greiða mælagjald vegna leigu á vatns-mælum sem hér segir:

Stærð mælis	Mælagjald á dag
32mm eða minni	17,00kr.
40mm	17,00kr.
50mm	20,00kr.
80mm	50,00kr.
100mm eða stærri	90,00kr.



6. gr. Heimæðargjald

Heimæðagjald er sem hér segir:

Þvermál inntaks	Inntaksgjald	Yfirlengd - metraverð
25mm	303.760kr.	13.685kr.
32mm	437.320kr.	15.685kr.
40mm	555.060kr.	17.685kr.
50mm	740.080kr.	19.685kr.
63mm	1.042.840kr.	21.685kr.
75mm	1.480.150kr.	23.685kr.
90mm	2.180.060kr.	25.685kr.

Yfirlengd reiknast af heimaug sem er lengri en 30 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Gjald fyrir heimæðar 110mm og víðari greiðist samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar (grunnur 2009) 1. nóvember 2025, 201,8 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

7. gr. Ábyrð á greiðslu gjalda

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

8. gr. Staðfesting

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Húnabyggðar 15.12.2025 er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Húnabyggð, 15. desember 2025


Pétur Arason sveitarstjóri